

Hér á eftir fylgja drög að kafla um forseta Íslands. Verkefnið er skýrt afmarkað: Að stilla upp mynd þar sem embættið væri því sem næst óbreytt en ákvæðum breytt þannig að þau endurspegli núverandi hlutverk og úrelt ákvæði tekin út.

Við nokkur atriði komu fram efnistillögur frá formannahópnum. Þeim er þá fylgt.

Þetta eru fyrstu drög – sett upp í samræmi við minnispunkta frá fundum formannahópsins og byggt eins og frekast er unnt á textum sem til eru: vinnu stjórnlaganefndar og frumvarpi stjórnlagaráðs í endanlegum búningi auk núverandi stjórnarskrá. Þetta er ekki tillaga að kafla í endanlegri mynd heldur myndin sem óskað var eftir. Þessi vinna felur heldur ekki (nema annað sé skýrt tekið fram um einstök atriði) í sér afstöðu RH, hvorki til þess að halda embættinu óbreyttu, né heldur til einstakra atriða.

8. janúar 2018
Ragnhildur Helgadóttir
ragnhildurh@ru.is

1. Heiti (sjá núverandi 3. gr.)

Forseti Íslands er þjóðhöfðingi lýðveldisins. Hann skal vera þjóðkjörinn.

Hér er sett fram á skýran hátt að forsetinn er þjóðhöfðingi en núverandi ákvæði segir einfaldlega: „Forseti Íslands skal vera þjóðkjörinn.“ Þetta er tillaga stjórnlaganefndar, efnislega sambærileg við tillögu stjórnlagaráðs og stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar. E.t.v. færi betur á því að segja „... er þjóðhöfðingi Íslands“. Forseti er auðvitað þjóðhöfðingi núna, svo í þessu felst ekki efnisleg breyting, en þetta gerir stjórnarskrána skýrari aflestrar.

Forsetakosningar

2. (sjá núverandi 5. gr.)

Forseti skal kjörinn beinum, leynilegum og almennum kosningum af þeim er kosningarétt hafa til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 3000 kosningabærra manna og mest 6000. Sá sem flest fær atkvæði, ef fleiri en einn eru í kjöri, er rétt kjörinn forseti. Ef aðeins einn maður er í kjöri er hann rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu.

Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta og má þar ákveða að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr hverju kjördæmi í hlutfalli við kjósendatölu þar.

Tillaga stjórnlaganefndar, nema hvað skilyrði um „almennar“ kosningar er orðað meðmælendakrafan er hækkuð (eins og hópurinn lagði til) og landsfjórðungum – sem ekki eru stjórnsýslueiningar – skipt út fyrir kjördæmi. Hér hafa margir hins vegar bent á að heppilegra sé að nota % af fólki á kjörskrá. 2018 voru rétt um 248.000 manns á kjörskrá – 5% væru því ríflega 12000 manns og 2,5% 6000. Ef óskað er eftir að fara þá leið, gæti málsliður nr. 2 hljóðað „Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 2,5% þeirra sem kosningarétt höfðu við næstliðnar alþingiskosningar. Sömu leiðis er spurning hvort eigi að orða síðasta málsliðinn nútímalegar og segja „Ef aðeins einn er í kjöri er hann rétt kjörinn án kosningar.“

3. (sjá núverandi 4. gr.)

Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu búsetuskilyrðinu.

Óbreytt ákvæði. Það má velta fyrir sér orðinu „fráskildu“ í þessu sambandi - væri skýrara að segja „undanskildu“? Hér er líka spurning hvort hópurinn telur ástæðu til að halda aldursskilyrðinu inni.

4. (sjá núverandi 6. gr.)

Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að sex árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár er kjörtímabil endar. Forseti skal ekki sitja lengur en tvö kjörtímabil.

Ákvæðið er óbreytt nema efnisatriðum (6 árum og mest 2x6) í samræmi við punkta frá hópnum bætt inn. Það þarf að taka afstöðu til þess möguleika að forseti taki eins kjörtímabils pásu og bjóði sig svo fram aftur, t.d. með því að segja „Enginn skal sitja lengur í embætti forseta en tvö kjörtímabil.“

Sú ábending hefur komið fram að betra væri að færa alla fresti fram um mánuð – kjörtímabil hefjist 1. júlí og endi 30. júní og kosningar fari þá fram í maí eða júní. Þetta er m.a. vegna samhengis við þingstörf og sumarfrí í þjóðfélaginu almennt.

5. (sjá núverandi 7. gr.)

Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá kjósa nýjan forseta til 31. júlí á sjötta ári frá kosningu.

Óbreytt ákvæði nema miðað við 6 ára kjörtímabil eins og hópurinn óskar. Ef frestir í greininni hér á undan breytast, þarf að breyta hér líka, þá í 30. júní.

Hlutverk forseta

ATHS RH: Þær greinar sem falla undir þetta (6-16) draga upp mynd sem er mjög valdmiðuð, en ekki lýsing á heildarhlutverki forseta eins og það hefur þróast. Hvað með sendiherraþáttinn í starfinu, t.d.? Sameiningartákn? Menningararf?

6. **Meðferð forsetavalds** (sjá núverandi 13. og 19. gr.)

Ráðherra fer með vald forseta nema mælt sé á annan veg í stjórnarskrá þessari. [Í því felst m.a. að ráðherra á frumkvæði að beitingu valds forseta.] Sá ráðherra sem undirritað hefur stjórnarathöfn ber [svo] málið að jafnaði upp fyrir forseta og öðlast hún gildi við undirritun forseta [ásamt ráðherra. Ráðherra ber ábyrgð á slíkum athöfnum.]

Hér er gerð tilraun til að skýra ákvæði um meðferð forsetavalds. Textinn er kominn til úr tillögu stjórnlaganefndar nema viðbætur innan hornklofa eru frá RH til að skýra frekar núverandi stöðu en koma að hluta úr öðrum ákvæðum. Önnur leið til að segja efnislega það sama (og hugsanlega þjálli) væri :

„Ráðherra fer með vald forseta samkvæmt stjórnarskrá og lögum, nema skýrt mælt sé á annan veg, og hefur frumkvæði að beitingu þess. Sá ráðherra sem undirritað hefur stjórnarathöfn ber svo málið að jafnaði upp fyrir forseta og öðlast hún gildi við undirritun forseta og ráðherra en ráðherra ber ábyrgð á athöfninni.“

7. **Stjórnarmyndun og skipun ráðherra** (sjá núverandi 15. gr.)

Eftir hverjar alþingiskosningar eða þegar ríkisstjórn hefur beðist lausnar af öðrum ástæðum skal forseti Íslands gera það sem unnt er til að auðvelda myndun ríkisstjórnar, sem njóti stuðnings eða hlutleysis meirihluta Alþingis. Þetta gerir hann án aðkomu ráðherra.

Að lokinni stjórnarmyndun skipar forseti Íslands nýja ráðherra og veitir fráfarandi ráðherrum lausn, eftir tillögu verðandi forsætisráðherra, sem ber ábyrgð á skipuninni.

Hér er reynt að skýra ákvæði um aðkomu forseta að stjórnarmyndun miðað við raunveruleikann í dag, orðalag frá RH.

Einnig mætti hér skoða tillögu stjórnlaganefndar nr. 2:

„Forseti ákveður, án tillögu ráðherra, hverjum hann felur að mynda ríkisstjórn. Hann skipar forsætisráðherra og aðra ráðherra í ríkisstjórn og veitir þeim lausn. Hann ákveður tölu ráðherra og skiptir störfum með þeim.

Ríkisstjórn svo og einstakir ráðherrar skulu njóta stuðnings eða hlutleysis meirihluta Alþingis.

Forseta er heimilt að óska eftir yfirlýsingu Alþingis um stuðning eða hlutleysi áður en ný ríkisstjórn er skipuð.“

Hér kann að vera rétt að taka inn ákvæði um starfsstjórnir og skyldu til að sitja í þeim.

8. Ríkisráð (sjá núverandi 16. gr.)

Forseti Íslands og ráðherrar skipa ríkisráð og hefur forseti þar forsæti.

Lög, þjóðréttarsamninga, sem horfa til breytinga á landslögum eða eru af öðrum ástæðum mikilvægir, og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði.

Hér er gerð atлага að því gera ákvæðið skýrara og notuð tillaga stjórnlaganefndar.

Einnig kemur til greina að hafa ákvæðið óbreytt, en þar stendur nú:

„Forseti lýðveldisins og ráðherrar skipa ríkisráð, og hefur forseti þar forsæti.

Lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skal bera upp fyrir forseta í ríkisráði.“

9. Þingrof (sjá núverandi 24. gr.)

Hér vantar efnisákvörðun. Nokkur atriði koma til skoðunar:

- *stjórnlaganefnd leggur til að forseti rjúfi eingöngu að kröfu Alþingis.*
- *Í öllu falli væri gott að hafa skýrt hvað gerist ef forseti neitar að skrifa undir þingrof*
- *RH telur ljóst að undirritun bæði forseta og forsætisráðherra þurfi til að þingrof taki gildi, en það væri gott að skerpa á því. Þessi skilningur er í samræmi við alvöru málsins – að það þurfi tvo til að þing sé rofið.*
- *Ætti að taka skýrt fram að „Þingrof er ekki hægt að afturkalla“?*

10. Staðfesting laga (sjá núverandi 26. gr.)

Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir undirskrift hans því lagagildi. Nú synjar forseti [án tillögu frá ráðherra] lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu. [Atkvæðagreiðsla fer þó ekki fram felli Alþingi lögin úr gildi innan fimm daga frá synjun forseta.]

Óbreytt ákvæði nema hornklofunum er bætt við. Hér má einnig vísa til tillögu stjórnlaganefndar.

„Þegar Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp skal það lagt fyrir forseta Íslands til staðfestingar innan tveggja vikna og veitir staðfestingin því lagagildi.

Forseti getur, án tillögu frá ráðherra, ákveðið að synja frumvarpi staðfestingar innan þriggja daga. Skal sú ákvörðun vera rökstudd og tilkynnt til forseta Alþingis. Frumvarpið fær þó engu að síður lagagildi en leggja skal löginn innan þriggja mánaða undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu, nema Alþingi hafi áður fellt löginn úr gildi. Ef meirihluti [þeirra sem greiða atkvæði] greiðir atkvæði gegn lögnum, en þó minnst 30 af hundraði kjósenda á kjörskrá, falla þau úr gildi. Að öðrum kosti halda þau gildi sínu.

Ákvæði 2. mgr. á ekki við um fjárlög, fjárukalög, lög um skattamálefni og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum.

Um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu skal að öðru leyti mælt fyrir í lögum.“ Næstíðasta málsgreinin kann að valda vanda. Hver ákveður þessi efnismörk. Og hvað með allskyns markatilvik?

M.a. vegna samspils við þetta ákvæði er ákvæði 25. gr. um aðkomu forseta að framlagningu lagafrumvarpa tekið út. Einhvers staðar (t.a.m. í kafla um ráðherra) þarf þó að koma fram að utanþingsráðherrar geti lagt fram frumvörp.

Hér er ekki tekin afstaða til þess hvort eigi einnig að hafa önnur ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu um nýsamþykkt lög.

11. Bráðabirgðalög (sjá núverandi 28. gr.)

Hér þarf að taka efnisákvörðun um hvort ákvæði um bráðabirgðalög sé nauðsynlegt. Er tími þess etv. liðinn? Slíkt ákvæði er í dönsku stjórnarskránni, en í 17. gr. norsku stjórnarskrárinnar er talað um provisoriske anordninger, sem gilda fram að næsta þingi en mega ekki fara í bága við lög.

Bráðabirgðaákvæðið kemst næst því að vera einhvers konar „neyðarákvæði“ í stjórnarskránni, en byggt hefur verið á því (1940 og 1941 og hefði etv. verið hægt 2008) að heimilt geti verið að víkja frá stjórnskipunarreglum í algerum neyðartilvikum. Stjórnskipulegur neyðarréttur (Bjarni Benediktsson (1959) og Ragnhildur Helgadóttir (2013) hafa skrifað um þetta í íslenskum rétti) er þannig viðurkenndur þó hann sé óskráður. Í helstu mannréttindasáttmálum sem Ísland er aðili að er að finna ákvæði um neyðarástand og hvaða reglur gildi þá, og Ísland væri í öllum tilvikum bundið af þeim. Í finnsku stjórnarskránni eru ákvæði um mannréttindi og staðgengil forseta á neyðartímum. Það er ekki gefið að það væri til bóta að lögfesta ákvæði um neyðarrétt: Það kann að vera hemill á beitingu hans í sjálfu sér að þá sé ekki spurning um túlkun tiltekins ákvæðis heldur um pólitískt mat (oft flestra eða allra flokka) á því að neyð krefjist þess að vikið sé frá skýrum reglum.

Ef talið er nauðsynlegt að hafa ákvæði um bráðabirgðalög væri hægt að hafa það óbreytt. Tillaga stjórnlaganefndar var:

„Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forseti Íslands [að tillögu ráðherra] gefið út bráðabirgðalög þegar Alþingi er ekki að störfum. Ekki mega þau þó brjóta í bág við stjórnarskrá. Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný.

Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því að þingið kom saman, falla þau úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir Fjárhagstímabilið.“

Ef talið er nauðsynlegt að hafa ákvæði er spurning hvort eigi að tala um að Alþingi „fundi ekki“ eða sé ekki á fundum í stað þess að vera „að störfum“.

12. Skipun embættismanna (sjá núverandi 1. mgr. 20. gr.)

Forseti Lýðveldisins veitir þau embætti, er lög mæla, að tillögu ráðherra.

Þetta er óbreytt 1. mgr. 20. gr. stjkskr. Ákvæði 2.-5. mgr. 20. gr. um embættismenn er hins vegar sleppt hér því þær snúa ekki sérstaklega að forseta heldur að embættismönnum.

Hér þarf að gæta þess að verið er að halda óbreyttu ástandi hvað snertir meðundirritun – þannig að gera verður ráð fyrir að skipun taki ekki gildi ef forseti skrifar ekki undir tillögu. RH hallast þó að því að hér eftir sem hingað til verði bein átök um slík ósennileg og telur það hafa gildi að sá sem í reynd fer með skipunarvaldið (ráðherra) þurfi að bera ákvörðun sína upp – geti ekki veitt embætti „í kyrrþey“. En þá má spyrja hvort eigi að hafa samráðsskyldu en ekki segja skýrt (sbr. líka málflutning í landsréttarmáli) að forseti veiti embætti.

13. Gerð þjóðréttarsamninga (sjá núverandi 21. gr.)

Forseti Íslands gerir þjóðréttarsamninga að tillögu ráðherra. Bera skal undir Alþingi samninga sem fela í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi, kalla á breytingar á lögum eða eru mikilvægir af öðrum ástæðum.

Þetta er tillaga stjórnlaganefndar. Hún lýsir réttarstöðunni betur en núgildandi ákvæði 21. gr., en þar er vísað til samninga sem „hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins...“ en það hefur lengi verið túlkað svo, að samþykki Alþingis þurfi til ef sammingsaðildin kallar á lagabreytingar. Gæta þarf að því að stjórnlaganefnd gerir ráð fyrir miklu fleiri ákvæðum um þjóðréttarsamninga! Þetta er aðeins um gerð þeirra og það sem á heima í kafla um forsetann.

14. Þingsetning (sjá núverandi 22. gr.)

Forseti Lýðveldisins stefnir saman Alþingi eigi síðar en tíu vikum eftir almennar alþingiskosningar, að tillögu ráðherra. Forsetinn setur reglulegt Alþingi ár hvert.

Óbreytt. Einnig væri hægt að orða þetta „Forseti Íslands stefnir Alþingi saman inn tveggja vikna frá alþingiskosningum og setur nýkjörið Alþingi..“ En setja þá ákvæði um það hver og að frumkvæði hvers Alþingi er stefnt saman inni á kjörtímabili, í þingskapalög.

Ákvæði núverandi 23. gr. um þingfrestun er sleppt, enda telur stjórnlaganefnd það ekki hafa sjálfstætt gildi.

15. Náðun og sakaruppgjöf (sjá núverandi 29. gr.)

Forseti Íslands getur, að tillögu ráðherra, náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka. [Ráðherra getur hann þó eigi leyst undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis.]

Hér er gerð ráð fyrir að heimild til að fella niður saksókn almennt falli niður enda er saksóknarvald ekki lengur hjá ráðherrum heldur er ríkissaksóknari æðsti handhafi ákærvalds og nýtur sjálfstæðis í störfum sínum. Hér er tekið fram (í samræmi við framkvæmd og reglur um meðundirritun) að þetta sé gert að tillögu ráðherra. Síðari málsliður er í hornklofa því taka þarf ákvörðun um framtíð Landsdóms. Á hann að vera til? Hér gilda annars sömu sjónarmið og að ofan um veitingu embætta. Er rétt að segja að forseti Íslands geri þetta? Hvað gerist ef hann synjar?

Ákvæði 30. gr. um undanþágur frá lögum er sleppt, enda er ákvæðið (með orðum stjórnlaganefndar, bls. 140) „að öllu leyti reist á úreltum sögulegum forsendum. Hún á rætur að rekja til samhljóða ákvæðis dönsku stjórnarskrárinnar frá 1849 en þá þótti nauðsynlegt að viðhalda heimild til að veita undanþágur frá laga-
boðum og tilskipunum konungs frá tímum einveldis“

16. Ábyrgð (sjá núverandi 11. gr.)

Forseti ber ábyrgð á athöfnum sem hann undirritar og framkvæmir án tillögu ráðherra. Fari forseti með þessum athöfnum í bága við stjórnarskrá, landslög eða stofni hann hagsmunum ríkisins í fyrirsjáanlega hættu, getur Alþingi krafist þess að hann sé sviptur embætti sínu með dómi. Hæstiréttur dæmir það mál.

Hæstiréttur getur vikið forseta úr embætti tímabundið þar til skorið hefur verið úr kröfu Alþingis með endanlegum dómi.

Með samþykki Alþingis verður forseti sóttur til refsingar fyrir almennum dómstólum [fyrir annað en embættisathafnir].

Forseti verður leystur frá embætti áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meirihluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna.

Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti ekki störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.

Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga.

Hér er gerð tilraun til að skýra ákvæði um ábyrgð forseta og notuð tillaga stjórnlaganefndar. Hér valdi RH þá tillögu sem lengra gengur í að afnema ábyrgðarleysi forseta. Síðustu þrjár málsgreinarnar eru eins og nú er. Ýmist orðalag mætti skoða, t.d. hvort eigi að taka fram að um sé að ræða 3/4 hluta þingmanna – sem atkvæði greiða. En tillögu stjórnlaganefndar er haldið sem minnst breyttri.

Ýmis ákvæði um forseta

17. Staðgengill (sjá núverandi 8. gr.)

Geti forseti Íslands ekki gegnt störfum um sinn vegna heilsufars eða af öðrum ástæðum fara forseti Alþingis, forsætisráðherra og forseti Hæstaréttar með forsetavald á meðan. Forseti Alþingis stýrir fundum þeirra og sé ágreiningur þeirra í milli ræður meirihluti.

[Sama gildir á tímabilinu frá því forseti deyr eða lætur af störfum, skv. 7. gr. uns nýr forseti hefur verið kosinn.]

Hér er um að ræða endurorðað nógildandi ákvæði með viðbót RH innan hornklofa. Spurning hvort eigi að setja lágmarkstíma fjarveru? Sömuleiðis er spurning hvort eigi að taka sérstaklega á því þegar forseti er erlendis. Helstu sjónarmið: Það þarf að hafa staðgengilsfyrirkomulag þegar eitthvað alvarlegt gerist en hvorki á forseti að geta skotist undan ábyrgð með strategískum utanlandsferðum, né ráðherra/meirihluti þings að geta sætt lagi ef tvísýnt er um samþykki forseta. Þá er spurning hvort staðgengilshlutverkið eigi að vera launað.

Þess má geta að þeir sem um þetta hafa fjallað undanfarin ár (stjórnlaganefnd, stjórnlagaráð og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, hafa gert tillögu um þá breytingu að forseti Alþingis einn sé staðgengill forseta.

17. Eiður (sjá núverandi 10. gr.)

Forseti Íslands vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni er hann tekur við störfum. Af eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað, en þjóðskjalasafnið hitt.

Óbreytt 10. gr. Því má velta fyrir sér hvort málsliðir 2 og 3 séu svo nákvæmir og mikið framkvæmdaratriði að þeir eigi ekki lengur heima í stjórnarskrá.

18. Starfskjör og sjálfstæði (sjá núverandi 9. gr.)

Forseta Íslands má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkafyrirtækja.

Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta. Óheimilt er að lækka greiðslur þessar til forseta á meðan kjörtímabil hans stendur [nema hann hafi fallist á það áður].

Fyrri málsgrein er óbreytt en spurning kann að vera hvort festa eigi í stjórnarskrá að forseti eigi heldur ekki að sinna umfangsmiklum ólaunuðum störfum. Hornklofa er bætt við í samræmi við framkvæmd.

19. Aðsetur (sjá núverandi 12. gr.)

Forseti lýðveldisins hefur aðsetur í Reykjavík eða nágrenni.

Óbreytt 12. gr.

ATHUGASEMDIR

Ekki eru tekin hér inn ákvæði sem snúa fyrst og fremst að öðrum handhöfum ríkisvalds:

- Ákvæði 14. gr. um ráðherraábyrgð
- Ákvæði 13:2 um að ráðuneytið hafi aðsetur í Reykjavík
- Ákvæði 17. gr. um ráðherra fundi
- Ákvæði 2.-5. mgr. 20. gr. um embættismenn
- Ákvæði 27. gr. um birtingu laga.

Tekin eru út (þetta er líka tiltekið á viðeigandi stað í textanum).

- Ákvæði 23. gr. um þingfrestun (stjórnlaganefnd segir þau ekki hafa sjálfstætt gildi)
- Ákvæði 25. gr. um aðkomu forseta að framlagningu frumvarpa. Einhvers staðar þarf þó að koma fram að utanþingsráðherrar geti lagt fram frumvörp.
- Ákvæði 30. gr. um undanþágur frá lögum.